

Ed.

## 542. Frumvarp

til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.

### 1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfé hans, 5,000 krónur, leggur landssjóður til.

### 2. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum séu þau ekki hærri en 500 kr., 1½% séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2% ef þau eru yfir 1000 kr.

### 3. gr.

Sjóðurinn fær 1,000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

### 4. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóð þessum undir yfrumsjón landstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

### 5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kenslustörfum sakir heilsubilunar.

### 6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan ¾ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sé ákveðið af gefanda.

### 7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þar um frá forstöðu-nefnd hans.